

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr, 35/1885.

Rjettvísín

gegn

Carl Ernst Alexander Fensmark.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 14. ágúst þ. á., var fyrrum sýslumaður Carl Ernst Alexander Fensmark dæmdur fyrir brot gegn 136. gr. hegningarlaganna, samanborinni við 34. gr. sömu laga, til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Hinn 16. dag aprílmán. 1879 var hinn ákærði, Carl Ernst Alexander Fensmark, skipaður sýslumaður í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað. Á árinu 1884 komst það upp, að það vantaði hjá honum upp á það, sem átti að vera í sjóði, og var eign landssjóðs, en það fje bar honum að innheimta fyrir landssjóð og vera í ábyrgð fyrir því. Ráðgjafinn fyrir Íslandi bauð því að hefja rjettarrannsókn gegn hinum ákærða, en landshöfðingi hafði vikið honum úr embætti um stundarsakir, og að aflokinni rannsókninni var sakamál höfðað gegn honum, og urðu þau málalok, sem áður segir. Að visu er ekki enn unnt alveg með vissu að tilgreina upphæð þess fjár, sem vantar í sjóð hjá ákærða, en, að því komið er fram, mun mega telja hana 26—27,000

krónur til landssjóðs, 1,080 kr, $64\frac{1}{2}$ e., sem er eign sýslusjóðs Ísafjarðarsýslu, og 142 kr. 75 a. tilheyrandi dánarbúi Kristínar Þórarinsdóttur. Uppi þennan sjóðþurð hefur hinn ákærði ekki getað vísað á nema nálægt 8,000 kr.

Það er sannað í málinu, að þegar var kominn sjóðþurður hjá ákærða við lok hins fyrsta embættisárs hans, eða 1879, að upphæð nálægt 5,000 kr., og hann jókst árlega um fleiri þúsund krónur frá 2—3,000 uppá 5—6,000 kr.

Samkvæmt eigin játningu hins ákærða tók hann eptir sjóðþurðinum seint á ári 1882, eða þá, er hann samdi reikninga sína fyrir árið 1881, og þó verður ekki sjóð, að hann eptir það hafi takmarkað útgjöld sín til eigin þarfa, og hefði honum þó verið það hægt, þar sem hann var, eptir því sem gjörist hjer á landi, vel launaður. Hann hefur sýnt staka óreglu og hirðuleysi, þar sem hann ekki hefur haldið og fært þær gjaldabækur, sam sýslumönnum og bæjarfógetum er gjört að skyldu að hafa og færa, og vanrækt að rita inn í tollbókina útflutningsgjald af nokkrum skipum, að rita í aukatekjubækurnar allmikið af skiptalaunum, erfðagjaldi, skipagjöldum, uppboðslaunum og fasteignarsölugjöldum, og snertir meiri hluti þessara gjalda reikningsárið 1883, en þá var hinn ákærði búinn að taka eptir sjóðþurðinum.

En þótt ekki sje sannað, að hinn ákærði hafi af ásettu ráði, til þess að leyna sjóðþurðinum, sleppt að rita í embættisbækur sínar framan umgetin gjöld, eða yfir höfuð að tala viðhaft svik til að leyna honum, þá eru samt svo miklar sakir, að hinn

ákærði, sem búið er að víkja frá embætti, og sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, ekki getur komið hjá að sæta betrunarhússvinnu samkvæmt 136. sbr. 34. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því yfirdómurinn bæði álitur, að hinum ákærða sje hæfilega hegnt með 8 mánaða betrunarhússvinnu, og fellst á ákvæði hjeradsdómsins að því til málskostnaðar kemur, eins og hann líka álitur, að upphæð sjóðþurðar hins ákærða ekki sje enn svo nákvæmlega upplýst, að hann í þessu máli verði dæmdur til að lúka skaðabótum, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Svo ber og hinum ákærða að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Hinn ákærði, Carl Ernst Alexander Fensmark, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Fanz Siemensens, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.